



# Biz**V**ision

Umsagnir

# Umsagnir

## **Sveinn Bragason, fv.fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar.:**

Sem stjórnæki fyrir æðstu stjórnendur er um gríðarlega öflugt verkfæri að ræða. Á augabragði er hægt að kalla fram rekstrarreikning fyrirtækisins, greina hann niður á afkomusvið, rekstrartegundir eða kalla fram einstaka deildir.

Með gagnasíunni, sem er enn frekara greiningartól, er hægt að kalla fram nánast allar þær upplýsingar sem undirkerfin innihalda í þeirri mynd sem óskað er eftir. Þá er mín síða og mín saga byltingarkennd nálgun í þá átt að veita stjórnendum á augabragði upplýsingar um lykilstærðir rekstrarins í samanburði við áætlanir. Þannig geta þeir brugðist hratt og örugglega við og geta varið tíma sínum mun betur að kjarnastarfseminni í þeirri vissu að fjármálalegi hluti rekstrarins sé í lagi.

Hugbúnaðurinn heldur utan um stöðu deilda/stofnana miðað við þær fjárheimildir sem þeim er úthlutað í hverjum mánuði. Kerfið nýtist þannig mjög vel við kostnaðarstjórnun hjá Hafnarfjarðarbæ. Nú dugir ekki lengur fyrir stjórnendur stofnana að skýla sér á bak við lítið aðgengi að upplýsingum því þeir hafa rafrænan aðgang að þeim öllum í gegnum BizVision auk þess að taka ríkan þátt í sjálfri áætlanagerðinni.

Í raun skiptir ekki máli hvert undirkerfið er, en allar hreyfingar í fjárhags- viðskipta- og launabókhaldi er einnig að finna í BizVision upplýsingakerfinu.

# Umsagnir

## **Pétur Andrésson, framkvæmdastjóri innkaupasviðs Byko hf.:**

Algjör snilld. Frábært greiningartæki sem ég gæti ekki verið án. BizVision hefur hjálpað okkur mikið við að bæta birgðastýringu og lækka þar með birgðakostnað sem hefur aldrei verið mikilvægara en nú. Nú sjáum við mun fyrr hvaða vörur eru að skila fyrirtækinu ásættanlegri afkomu (Turnover Earn Index) auk þess sem kerfið auðveldar okkur til muna vinnu við tilboðsgerð og söluherferðir.

## **Birgir Örn Friðjónsson, rekstrarstjóri verslunarsviðs Byko hf.:**

Með BizVision hefur tími við áætlanagerð styst mjög mikið. Auk þess erum við með betri upplýsingar nú en áður þar sem áætlun liggur fyrir niður á hvert einasta vörunúmer. Fjárhags- og Sölugreiningin er bylting í framsetningu gagna þar sem á augabragði liggja fyrir helstu lykilstærðir hverrar verslunar í samanburði við áætlanir og fyrri rekstrartímabil hvort heldur þeim er skipt niður á dag, viku eða mánuð og framlegðargreining hvort heldur sem er niður á vörunúmer, einstaka viðskiptamenn eða sölumenn.

## Næstu skref...

- Ef þú hefur áhuga á að kynna þér kerfið nánar þá er að finna ítarlegri lýsingar í skjölum “BizVision – Kynning”, “BizVision - Notkun kerfis Fjárhagsbókhalð/Starfsmannahald/Sala” og “BizVision - Mitt stjórnborð”.
- Okkur er einnig sönn ánægja að opna aðgang að sýningarútgáfu BizVision kerfisins (sjá slóðina [www.bizvision.net](http://www.bizvision.net)).

Tölvubankinn hf.

[www.tbank.is](http://www.tbank.is)

Sími: 595-0000